04.8

KONUR EIGA NÆSTA LEIK.

Ályktun landsfundar Kvennalistans 3. og 4. nóvember, 1990.

Það er kominn tími til að skapa á Islandi þjóðfélag jafnréttis, öryggis og velsældar. Til þess höfum við allar forsendur. Konur eiga næsta leik, og Kvennalistinn ætlar að taka til í stjórnkerfinu. Með þátttöku sinni í stjórnmálum er Kvennalistinn að leita eftir umboði frá kjósendum til að vinna að gagngerum breytingum, konum og þjóðfélaginu til hagsbóta. Af því leiðir að Kvennalistinn sækist eftir þátttöku í ríkisstjórn. Hins vegar viljum við vera ábyrgar gagnvart kjósendum okkar og sýna þeim þá virðingu að láta ekki af grundvallarstefnumiðum okkar þó í boði séu ráðherrastólar.

Kvennalistinn vill sækja fram og leysa konur undan kúgun, launamisrétti, of miklu vinnuálagi fyrir of lág laun, og margfaldri ábyrgð. Kvennalistinn vill tryggja atvinnuöryggi kvenna og fjölbreytt störf fyrir konur um land allt. Ennfremur vill Kvennalistinn lögbinda eða tryggja með öðrum hætti lágmarkslaun fyrir dagvinnu sem nægja til framfærslu.

Þau drög að framboðslistum fyrir næstu Alþingiskosningar sem nú liggja fyrir sýna að hefðbundnu stjórnmálaflokkarnir eru ekki tilbúnir að veita konum brautargengi. Fjöldi kvenna hefur ekki gert upp við sig hvernig þær verja atkvæði sínu í komandi alþingiskosningum. Kvennalistinn er kostur þeirra sem vilja sjá konur á Alþingi.

Þjóðfélagið vanrækir börnin sín, og konum er ranglega kennt um.- Stytting vinnuviku og það að hægt sé að lifa af dagvinnulaunum eru forsendur þess að foreldrar geti annast börn sín svo viðunandi sé. Kvennalistinn vill lengja fæðingarorlof og breyta skipan þess þannig að vinnuveitendur beggja foreldra greiði jafnstóran hluta fæðingarorlofs miðað við laun hvors um sig. Ennfremur vill Kvennalistinn að allir eigi kost á dagvistum fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur og tryggum samastað fyrir skólabörn á meðan foreldrar þeirra sinna störfum sínum.

Stöðnun ríkir í atvinnumálum Islendinga og hrun blasir víða við. Kvennalistinn vill reka Þjóðfélagið af skynsemi og með hagsmuni heildarinnar í huga, á sama hátt og fólk reynir að reka heimili sín. Það verður best gert með nýsköpun atvinnuveganna, sem tekur tillit til íslenskra hráefna og mannafla. Það er löngu komið í ljós að aðfengnar lausnir henta sjaldan óbreyttar á Islandi. Mál sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar þarf að taka til rækilegrar endurskoðunar og hafa umhverfisvernd að leiðarljósi á öllum sviðum atvinnulífsins.

Ibúar í dreifðum byggðum landsins kalla eftir félagslegri þjónustu, menntun, heilsugæslu og menningarlífi sem er sambærilegt við það sem býðst í þéttbýli. Kvennalistinn vill byggðastefnu sem eflir byggðakjarna, svo þeir geti staðið undir kröfum nútímans. Kvennalistinn vill leita allra leiða til að finna hæft fólk í þau störf í dreifbýli sem illa gengur að ráða í, svo sem við kennslu og heilsugæslu.

Fiskimiðin eru ein helsta auðlind Íslendinga, og það kemur ekki til greina að veita öðrum aðgang að þeim. Miðstýrt og þungt fyrirkomulag Evrópubandalagsins er andsnúið smáþjóðum og kann auk þess að veikja stöðu kvenna verulega. Þess vegna hentar aðild að EB ekki við núverandi ~~aðstæður~~ aðstæður.

Kvennalistinn er að hefja kosningabaráttu. Við ætlum að sækja fram djarfar og gagnrýnar á okkar stöðu og annarra. Íslenskt þjóðfélag kallar á breytingar, og við munum svara því kalli.